

Stjórn IHM fer jafnframt með stjórn menningarsjóðs ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

- 5.3 Samtökin geta falið annarri innheimtustofnun höfunda innheimtu gjalda skv. 1. gr. þessarar samþykktar, ef slíkt telst hagkvæmt gegn hæfilegum innheimtulaunum sem samkomulag verður um.

## 6. Gerðardómur.

- 6.1 Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem sérfróðir eru á sviði höfundaréttar.
- 6.2 Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa málinu frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum á meðferð einkamála í héraði.

Aðildarfélagin tilnefna tvo menn í gerðardóm. Þriðji gerðardómismaður skal skipaður af menntamálaráðherra skv. tilnefningu höfundaréttarnefndar. Nái aðildarfélagin ekki samkomulagi um skipan gerðardómsmanns eða gerðardómsmanna skal hann eða þeir skipaðir af héraðsdómara í Reykjavík.

## 7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 7.1 Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta,  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða á fundi, þar sem að minnsta kosti  $\frac{1}{2}$  hlutar aðildarfélaganna eru mættir.
- 7.2 Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af  $\frac{3}{4}$  hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir rétthafa.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi skv. 11. gr. höfundalaga samþykktir fyrir Innheimtustöð gjalda nr. 517/1984.

*Menntamálaráðuneytið, 6. júlí 1993.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*

## SAMÞYKKT

### um byggðarmerki Njarðvíkur.

#### 1. gr.

Byggðarmerki Njarðvíkur skal vera hvítur skjöldur með bláu merki (Scotdic nr. 693009). Merkið er víkingaskip með þanin segl, sem vísa til fortíðar, og yfir svífur þota, tákn nútíðar og framtíðar. Þá eru á merkinu tvær öldur yfir drekahöfði og kórónu, og á hvoru tveggja að vísa til sjávarguðsins Njarðar úr norrænni goðafræði. Milli drekahöfuðsins og seglsins myndast vík, og á þá að vera unnt að lesa nafn bæjarins út úr myndinni.

## 2. gr.

Bæjarstjórn Njarðvíkur, bæjarstjóri, einstök embætti og stofnanir bæjarins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum. Við gerð stimpla má fella niður útlínur skjaldarins.

## 3. gr.

Notkun á byggðarmerki Njarðvíkur er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Njarðvíkur, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema með sérstakri hátiðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum eða nota það til stjórnmálaáróðurs.

## 4. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

## 5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og upprættir af merkinu eins og það á að nota. Bæjarskrifstofan í Njarðvík leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkur hefur gert, staðfestist hér með sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1993.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um starfsháttu örorkunefndar.

## 1. gr.

Örorkunefnd gefur álit um miskastig eða örorkustig eftir 4. og 5. gr. skaðabótalaga. Í álitu nefndarinnar skal að jafnaði koma fram hvenær nefndin telur að tjónþoli hafi ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum líkamstjóns, sbr. 2. og 3. gr. laganna.

## 2. gr.

Auk tjónþola og þess sem krafinn er um greiðslu vegna tjóns geta dómstólar leitað áliti nefndarinnar. Vátryggingafélag sem selt hefur bótaskyldum aðila ábyrgðartryggingu getur einnig óskað eftir álitu nefndarinnar um tjón sem vátryggingin tekur til.

## 3. gr.

Beiðni um álit skal vera skrifleg og rituð á eyðublað sem nefndin lætur í té. Með beiðni skulu fylgja skýrslur um atvik að tjónsatburði og afleiðingar hans. Einnig skulu fylgja ítarleg vottorð lækna sem stundað hafa tjónþola vegna tjóns hans. Þá skulu og fylgja staðfest endurrit